

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi fyrir Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppi, 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 30. júní 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagsuppdraetti fyrir Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppi, 1988 - 2008, sem staðfestur var 21. maí 1990.

Breytingar eru:

- Landnotkun við íþróttavöll á Kleifum breytist á þann veg að opið svæði óbyggt, verði opið svæði til sérstakra nota (tjaldstæði).
- Landnotkun í landi Kirkjubæjar 2, breytist á þann veg að ræktað landbúnaðarsvæði og opin óbyggð svæði, verði opin svæði til sérstakra nota (tjaldstæði). Jafnframt minnkar frátekið íbúðarsvæði til nota eftir lok skipulagstímabils.
- Landnotkun í landi Nýjabæjar breytist á þann veg að opið svæði óbyggt verði opið svæði til sérstakra nota (tjaldstæði).
- Suðurlandsvegur er færður til á tveimur stöðum sunnan Skaftár.

Breytingar þessar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1994.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Blönduósi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Blönduóss, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Blönduósi.

#### I. KAFLI.

##### **Aðalbrautarréttur:**

Eftirtaldar götur skulu vera aðalbrautir:

1. Húnabraut.
2. Hnjúkabyggð.